

# Aðalfundur Vatns- og fráveitufélags Íslands 2022

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 19. maí kl. 14:00 og var boðaður með tölvupósti til félagsmanna þann 5. maí 2022 með dagskrá samkvæmt lögum félagsins.

Fundurinn var haldinn í stofu N132 í Öskju.

Baldur Dýrfjörð, ritari VAFRÍ, setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna. Formaður félagsins var því miður fjarverandi sökum veikinda. Baldur tilkynnti að hann sjálfur myndi annast fundarstjórn og að Sigrún Tómasdóttir, meðstjórnandi, yrði fundarritari. Engin mótmæli voru við þeirri tilhögun, svo hún taldist samþykkt.

## Fundarstjóri kynnti dagskrá aðalfundarins svo hljóðandi

1. Skýrsla formanns.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning skoðunarmanns til eins árs í senn.
5. Ákvörðun félagsgjalda.
6. Önnur mál.

### 1. Skýrsla formanns

Fundarstjóri gaf gjaldkera VAFRÍ Hrund Andradóttur orðið og flutti hún skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár (skýrslu stjórnar er skeytt við fundargerð þessa). Engar fyrirspurnir komu um skýrsluna og enginn tók til máls um hana.

### 2. Reikningar félagsins

Fundarstjóri gaf gjaldkera félagsins, Hrund Andradóttur, orðið og fór hún yfir reikninga félagsins fyrir liðið starfsár. Fram kom að nokkur eign hefur safnast hjá félaginu sem m.a. skýrist af því að ekki hefur verið hægt að fara kynnisferðir og flestir fundir hafa verið haldnir á netinu. Því hefur hefðubundinn kostnaður vegna ferða og funda (kaffi, veitingar o.fl.) verið í lágmarki. Niðurstöðutölur ársreiknings eru þær að tekjur eru kr. 248.000 kr. og gjöld eru kr. 20.400 kr.. Vaxtatekjur eru kr. 653 kr. og dráttarvextir 1.034 kr., rekstrarniðurstaða ársins er því kr. 227.073 kr.. Eignir félagsins nema samtals kr. 1.442.662 kr. Skoðunarmaður reikningsins, Brynjólfur Björnsson, fór yfir reikninginn og taldi hann gefa rétta mynd af starfsemi félagsins á árinu. Fundarstjóri kallaði eftir fyrirspurnum um reikninga félagsins og gaf orðið laust um þá. Enginn tók til máls.

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

### 3. Kosningar stjórnar

Fram kom að allir stjórnarmeðlimir nema Sigrún Tómasdóttir væru komnir að lokum kjörtímabils sem er tvö ár. Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram. Fundarstjóri kallaði eftir því hvort fleiri gæfu kost á sér. Svo var ekki. Lögum samkvæmt voru fundarmenn beðnir um að kjósa um áframhaldandi formennsku Hlökkvers Stefáns Þorgeirssonar. Voru allir fundarmenn því samþykktir. Stjórn VAFRÍ verður því óbreytt amk næsta árið.

#### 4. Kosning skoðunarmanns

Næst var kosið um skoðunarmann reikninga. Brynjólfur Björnsson gaf kost sér áfram. Enginn annar gaf kost á sér og er því Brynjólfur Björnsson réttkjörinn skoðunarmaður reikninga.

#### 5. Ákvörðun félagsgjalda

Stjórn leggur til að félagsgjöld verði óbreytt. Fundarstjóri kallaði eftir öðrum tillögum. Engar komu fram og telst tillaga um óbreytt gjöld því samþykkt samhljóða.

#### 6. Önnur mál

Sigrún Tómasdóttir tók orðið og sagði félagsmönnum frá Vísindadegi OR sem verður á morgun, 20.maí 2022 og hvatti félagsmenn til að mæta.

Því næst tók Hrund orðið og spurði hvort félagsmenn væru með tillögur að leiðum til að verja peningum félagsins. Engar ákveðnar tillögur komu fram en félagsmenn voru hvattir til þess að hugsa þetta og deila hugmyndum með stjórn. Hrund sagði frá því að við værum að vonast til þess að skipuleggja kynningarferð í Gvendarbrunna í vor og að síðan yrði framhaldsfundur um skólpál í haust. Hún stakk uppá því að jafnvel væri hægt að fá grafískan hönnuð til að hanna lógó fyrir félagið. Hún minntist einnig á það hve vel heppnað það hefði verið þegar erlendur fyrirlesari var fenginn til að koma og halda erindi fyrir félagsmenn.

Fleira ekki gert og aðalfundi slitið kl. 14:30

Sigrún Tómasdóttir  
Hrund  
Sigrún Tómasdóttir  
Hrund  
Baldur